

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 153/2016**

2018/EES/16/20

frá 8. júlí 2016

**um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/339 frá 8. mars 2016 um samræmingu á tíðnisviðinu 2010-2025 MHz fyrir þráðlausan hand- eða farmyndsendingubúnað og þráðlausar myndatökuvélar sem notaðar eru til dagskrárgerðar og fyrir sérstaka viðburði <sup>(1)</sup>.
- 2) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 5czk (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/750) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„5czl. **32016 D 0339**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/339 frá 8. mars 2016 um samræmingu á tíðnisviðinu 2010-2025 MHz fyrir þráðlausan hand- eða farmyndsendingubúnað og þráðlausar myndatökuvélar sem notaðar eru til dagskrárgerðar og fyrir sérstaka viðburði (Stjtíð. ESB L 63, 10.3.2016, bls. 5).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2016/339, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 9. júlí 2016, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>.*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júlí 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Bergdís Ellertsdóttir**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 63, 10.3.2016, bls. 5.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.